

Leikskólinn Bjarkalundur

Læsi og móðurmál



Læsi og móðurmál

Stafrænn heimur

Skólaárið 2017-2018

Verkefnisstjóri: Elísabet Karlsdóttir

Númer samnings: UMS-121



Móðurmál flestra barna í leikskólanum er íslenska og þar sem mikilvægt er fyrir öll börn sem búa á Íslandi að hafa gott vald á íslenskunni vildum við leggja áherslu á að vinna með íslenskukunnáttu allra barna. Með skimunum og skráningum á málþroska barna í leikskólanum má sjá að orðaforðakunnátta barna er ekki næganlega víðtæk og á það við um börn sem hafa íslensku að móðurmáli sem og þau sem eru tvítyngd. Vegna þessa er mikilvægt að leita leiða til þess að börn hafi tækifæri á því að efla málþroska sinn og sífellt bæta við orðaforðann. Ríkur orðaforði skiptir miklu máli þegar kemur að læsi og lestri, en lesskilningur hvers og eins byggist á þeim orðaforða sem viðkomandi býr yfir. Snjalltæki, smáforrit og stafrænn heimur höfðar allajafna vel til barna og því getur verið handhægt að nálgast læsiskennslu með þeim verkfærum.

Verkefnið miðar að því að:

- gera börnum kleift að efla færni sína á móðurmálinu með því að nota tækni, snjallforrit og stafræna miðla til þess.
- skapa aðstæður þannig að börn með annað móðurmál en íslensku gætu eflt færni sína í því.
- veita kennurunum fræðslu og svigrúm í daglegu starfi til þess að efla almenna tæknikunnáttu sína og færni í því að vinna með læsi og tækni í kennslu.

Leiðir að markmiðum

Margvísar leiðir eru færar til að ná ofnangreindum markmiðum. Það sem skipti mestu máli var að tæki og tól væru í lagi, svo aðgengilegt væri að nota þau í starfi með börnunum.

Eftirtaldar leiðir voru farnar til að styðja við starfið:

- Upplýsingatæknikennari var í 10% stöðugildi við skólann skólaárið 2017-2018. Sá kennari



var leiðandi í því að nota tækni í daglegu starfi deildarinnar og sá um að tæknibúnaður væri í lagi og uppfærður.

- Kennarar voru sendir á námskeið, sérstaklega sá sem hélt utan um upplýsingatækni í skólastarfinu. Stór hluti starfsmannahópsins fór í námsferð til Brighton á skólaárinu og meðal annars kynntu kennarar sér notkun upplýsingatækni í sögugerð (e. storytelling) og frásögn.
- Fleiri spjaldtölvur (ipad) voru keyptar inn og í lok skólaársins fengu hver og ein deild snjallsíma (iphone) til afnota. Það hefur auðveldað töluvert myndatökur og upplýsingaflæði.

Þegar kom að sjálfu verkefninu var ákveðið að fara þessar leiðir:

- Útbúa orðasöfn með myndastuðningi í Bitsboard yfir grunnorðaförða sem og flóknari orð. Áhersla var á einfaldari orðaförða með tvítyngdum börnum og þeim sem lítið voru farin að tjá sig.
- Nota Osmo í vinnu með tungumál. Áður höfum við helst notað forritið til að vinna með stærðfræði og form en ákveðið var að leita leiða til að vinna með það á fjölbreyttari hátt og búa til okkar eigin verkefni á íslensku.
- Búa til rafbækur í samstarfi við börnin. Kennarar hafa verið að gera uppeldisfræðilegar skráningar sem hafa svo verið hengdar upp á veggi skólans svo foreldrar og aðrir geti séð ferli við verkefnavinnu. Ákveðið var að prófa að færa sumar af þessum skráningum á rafrænt form og leggja áherslu á að börnin væru með þegar þær voru unnar. Meðal þess sem börnin gerðu voru endursagnir á sögum, þeirra eigin sögur og myndir og frásagnir af verkefnum þeirra.



Frávik miðað við verkáætlun

Unnið var aðallega með móðurmál flestra barna í leikskólanum, sem sagt íslensku, og lítið var snert á fasanum sem tengdist pólsku. Þó voru pólsk orð tengd íslenskum orðum í orðasöfnunum sem voru útbúin. Einnig tók verkefnið lengri tíma en áætlað var ásamt því að ekki var farið eins djúpt í verkþættina og lagt var upp með, en það skýrist af langtímaveikindum kennara og

starfsmannabreytingum.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Það helsta sem hindraði framgang verkefnisins var eins og áður kom fram breytingar í starfsmannahópnum og aukið álag á þá fagmenn sem eftir voru. Einnig hafði tölvubúnaður áhrif á verkefnið, en einugis eru tvær spjaldtölvur á hverri deild leikskólans. Þegar átti að vinna sama verkefnið með stærri hópum þurftu kennarar að fá lánaðan búnað frá öðrum deildum. Óskandi hefði verið að hafa einhvers konar „spjaldtölvuvagn“ sem deildirnar hefðu getað skipst á að nota.

Tímaskortur fyrir þróunarverkefni af þessu tagi hafði líka áhrif en þar sem skólaárið 2017-2018 var annað starfsár skólans var í næg horn að líta og mikið sem þurfti að ákveða og skipuleggja.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Það helsta sem verkefnið hefur bætt við skólastarfið er aukinn áhugi kennara á að vinna með læsi og nota til þess tækni. Auk þess hafa verið útbúnar rafbækur í leikskólanum, unnið með Osmo og ýmis smáforrit. Áhersla var á smáforritið Bitsboard þar sem búin voru til orðasöfn með myndum sem hægt er að nýta í málörvun. Við gerð orðasafnanna var stuðst

orðaforðalista frá Menntamálastofnun um hvaða orð þriggja og sex ára börn ættu að hafa á valdi sínu.

Þegar kom að verkefnahlutanum fyrir pólsku var pólskum orðum bætt við Bitsboard orðasafnið þannig að börnin unnu með pólsku samhliða íslenskunni. Eins og áður kom fram er pólska hluta verkefnisins ekki lokið en stefnt er að því að vinna áfram með pólsk orð samhliða þeim íslensku og nýta til þess smáforrit og aðra tæknilega möguleika.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Aukið sjálfstraust kennara og meðvitund þegar unnið var með tækni var eitt af því sem verkefnið hafði í för með sér. Lærdómsríkt er að leita leiða til þess að nýta tækni sem er í sífelltri þróun í vinnu með börnum á leikskólaaldri. Það getur sparað tíma og einfaldað vinnuna að kunna að nota tækni.

Verkefnið hefur ekki verið kynnt formlega. Það hefur verið rætt á starfsmannafundum og hver ávinningurinn hefur verið. Þó hefur verkefnið og aðferðirnar sem kennararnir hafa komið sér upp, verið kynnt fyrir því starfsfólki sem bæst hefur við starfsmannahópinn síðan verkefninu lauk.

Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið gekk nokkuð vel þrátt fyrir að við höfum ekki náð að vinna annan verkþáttinn eins og við hefðum viljað. Það kom þó á daginn að erfiðara reynist að vinna með önnur tungumál en íslensku, en þar sem við höfum nokkra pólska kennara hefði það geta gengið upp að fara betur í þann verkþátt. Við sjáum ekki fyrir okkur að hægt væri að vinna á sama hátt með tungumál sem enginn kennari í leikskólanum talar. Þrátt fyrir það er verkefni af þessu tagi lærdómsríkt ferli sem getur opnað augu kennara fyrir nýjungum og nýjum leiðum í kennslu og starfi með börnum.

Afrakstur verkefnisins er að miklu fölginn í orðasöfnum með myndum, sem útbúin voru í forritinu Bitsboard. Tilfinning okkar er sú að með vinnu við verkefnið og aukinni áherslu á orðaforðatileinkunn barna hafi málþroska þeirra eflst. Niðurstöður úr skimunum og skráningum sem gerðar eru á orðaforðakunnáttu og málþroska barna gefa vísbendingu um þetta, en það getur mögulega komið betur í ljós með frekari athugunum. Þar sem við studdumst við lista frá Menntamálastofnun um orðaforða þriggja ára barna hefur þekking

starfsfólks á þeim orðaforða, sem eðlilegt er að barn á þeim aldri búi yfir, aukist. Eitt af því sem lagt var upp með var að reyna að færa uppeldisfræðilegar skráningar á rafrænt form og eru kennarar farin að prófa sig áfram með það, til dæmis í formi rafbóka. Að gera skráningar beint á snjalltæki getur sparað tíma ásamt því að vera umhverfisvænni kostur en prentun á pappír.

Verkefnið sem unnið var skólaárið 2017-2018 var lærdómsríkt framhald af verkefni sem unnið var í tengslum við leikskólalæsi skólaárið á undan. Kennarar hafa komið sér upp samræmdum og ígrunduðum aðferðum þegar kemur að læsi og málörvun í leikskólanum.

28. september 2018
Elísabet Karlsdóttir
Telma Ýr Friðriksdóttir

Elísabet Karlsdóttir
Telma Ýr Friðriksdóttir